

**Fjölbautaskólinn Ármúla**  
**02 351**

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreyymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Fjölbautaskólinn Ármúla**  
**kt. 590182-0959**  
**Ármúla 12, 108 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Fjölbautaskólinn Ármúla er skóli á framhaldsskólastigi og hefur verið rekinn sem slíkur undir eigin nafni frá árinu 1981. Á þeim árum sem skólinn hefur starfað sem sjálfstæður fjölbautaskóli hafa átt sér stað ýmsar breytingar eins og gengur og gerist. Áður en skólinn fékk leyfi til að brautskrá nemendur í eigin nafni var hann í nokkur ár rekinn sem útibú frá Kennaraskólanum og Fjölbautaskólanum í Breiðholti. Í dag leggur skólinn áherslu á bóklegar greinar til stúdentsprófs en er auk þess móðurskóli starfsnáms á heilbrigðissviði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnsavið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.672,3 milljónir og afkoma kr. 31,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 115,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 217,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbautaskólans Ármúla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbautaskólans Ármúla fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Magnús Ingvarson,  
skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.508.732.463	1.408.575.712
Seld þjónusta .....	3	137.644.407	123.116.131
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	15.934.800	28.809.421
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	9.974.823	9.717.054
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.672.286.493</b>	<b>1.570.218.318</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.297.217.213	1.186.222.147
Annar rekstrarkostnaður .....	6	333.985.031	333.302.760
Afskriftir .....	7	9.974.823	9.717.054
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.641.177.067</b>	<b>1.529.241.961</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>			
		<b>31.109.426</b>	<b>40.976.357</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(37.365)	(23.057)
		<b>(37.365)</b>	<b>(23.057)</b>
	<b>Afkoma ársins</b>	<b>31.072.061</b>	<b>40.953.300</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		49.628.303	35.439.662
Aðrar eignir .....		1.418.114	1.537.871
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>51.046.417</b>	<b>36.977.533</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		2.447.400	2.032.487
Tengdir aðilar .....	9	123.978.093	109.941.560
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	5.913.642	5.964.472
Handbært fé .....	11	33.939.645	29.134.279
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>166.278.780</b>	<b>147.072.798</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>217.325.197</b>	<b>184.050.331</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		115.477.757	84.405.696
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>115.477.757</b>	<b>84.405.696</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	3.283.628	1.988.799
Viðskiptaskuldir .....		9.129.641	10.755.482
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	57.975.737	55.967.097
Frestun tekjfærslu fjárfestingarheimilda .....	14	31.458.434	30.933.257
<b>Skuldir samtals</b>		<b>101.847.440</b>	<b>99.644.635</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>217.325.197</b>	<b>184.050.331</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstremisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		31.072.061	40.953.300
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	7	9.974.823 (9.974.823)	9.717.054 (9.717.054)
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára .....			
		31.072.061	40.953.300
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(364.083)	(1.141.898)
Tengdir aðilar .....		(26.285.411)	(41.293.986)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		382.799 (26.266.695)	1.902.011 (40.533.873)
		4.805.366	419.427
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(24.043.707) (24.043.707)	(11.791.578) (11.791.578)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		13.543.707	1.591.578
Fjárfestingarframlag .....		10.500.000	10.200.000
		24.043.707	11.791.578
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		4.805.366 29.134.279	419.427 28.714.852
		33.939.645	29.134.279
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stöð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úrelandingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Áðrar eignir .....	Óafskrifnað/ 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjfærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.508.732.463	1.408.575.712
Tekjfærsla frestaðra tekna .....	9.974.823	9.717.054
	<b>1.518.707.286</b>	<b>1.418.292.766</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.486.900.000	0	0	1.486.900.000
Fjáraukalög .....	(5.900.000)	0	0	(5.900.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	27.732.463	0	0	27.732.463
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.508.732.463</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.508.732.463</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(1.477.660.402)	0	0	(1.477.660.402)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>31.072.061</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>31.072.061</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	3.994.429	1.330.827
Sala á vörú og þjónustu .....	30.672.000	28.980.000
Vörusala II .....	1.790.500	1.612.500
Verksala .....	343.600	263.000
Ýmsar þjónustutekjur .....	100.757.708	90.866.804
Veitinga- og gistiþjónusta .....	59.170	0
Fræðslustarfsemi og fundir .....	27.000	63.000
	<b>137.644.407</b>	<b>123.116.131</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.672.500	2.044.500
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	10.439.348	11.511.477
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.704.230	11.760.944
Ýmsar tekjur .....	1.118.722	3.492.500
	<b>15.934.800</b>	<b>28.809.421</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.045.491.309	964.880.378
Orlof, breyting .....	7.938.204	(2.844.771)
Launatengd gjöld .....	237.552.356	222.149.640
Starfsmannakostnaður .....	6.235.344	2.036.900
	<b>1.297.217.213</b>	<b>1.186.222.147</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	95	95

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.066.373	2.423.726
Byggingarvörur, almennar .....	261.750	135.185
Tæki og búnaður til innrétinga .....	66.434	192.657
Ýmis tæki og áhöld .....	5.362.462	3.756.341
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	134.774	242.959
Orkugjafar .....	11.090.644	11.608.680
Matvæli .....	3.827.394	5.389.482
Almennar rekstrarvörur .....	<u>5.030.412</u>	<u>3.173.718</u>
Vörukaup, almenn	27.840.243	26.922.748
Kennslu- og föndurvörur .....	2.882.374	2.808.001
Ýmsar sérgreindar vörur .....	<u>179.369</u>	<u>146.646</u>
Vörukaup, ségreind	3.061.743	2.954.647
Fundir, námskeið, risna .....	794.465	1.590.871
Ferðir, uppihald .....	849.903	10.478.404
Akstur .....	627.641	1.620.080
Sérfræðiþjónusta .....	25.861.655	24.826.966
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	990.852	1.020.445
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	2.727.934	1.957.565
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>2.959.870</u>	<u>3.206.342</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	34.812.320	44.700.673
Afnotagjöld .....	7.894.515	6.095.490
Leigugjöld .....	226.834.339	221.208.978
Notkun véla og flutningatækja .....	828.920	1.273.724
Verkkaup .....	31.636.614	28.971.877
Kostnaðarhlutdeild .....	921.474	991.823
Opinber gjöld .....	12.226	112.800
Tilfærslur .....	142.637	70.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	268.270.725	258.724.692
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>333.985.031</u>	<u>333.302.760</u>
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	9.855.066	9.597.297
Aðrar eignir .....	<u>119.757</u>	<u>119.757</u>
	<u>9.974.823</u>	<u>9.717.054</u>

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	49.628.303	35.439.662
Aðrar eignir .....	<u>1.418.114</u>	<u>1.537.871</u>
	<u>51.046.417</u>	<u>36.977.533</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	89.882.560	3.972.744	93.855.304
Viðbætur á árinu .....	<u>24.043.707</u>	0	<u>24.043.707</u>
	<u>113.926.267</u>	<u>3.972.744</u>	<u>117.899.011</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	54.442.898	2.434.873	56.877.771
Afskrift ársins .....	<u>9.855.066</u>	<u>119.757</u>	<u>9.974.823</u>
	<u>64.297.964</u>	<u>2.554.630</u>	<u>66.852.594</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>49.628.303</u>	<u>1.418.114</u>	<u>51.046.417</u>

31.12.2020      31.12.2019

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	123.978.093	109.941.560
	<u>123.978.093</u>	<u>109.941.560</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	3.283.628	1.988.799
	<u>3.283.628</u>	<u>1.988.799</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	20.000
Skattar .....	<u>5.913.642</u>	<u>5.944.472</u>
	<u>5.913.642</u>	<u>5.964.472</u>

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	11.200	23.660
Tékkareikningar .....	31.457.256	26.643.973
Sparisjóðsreikningar .....	<u>2.471.189</u>	<u>2.466.646</u>
	<u>33.939.645</u>	<u>29.134.279</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 11,6 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1.	84.405.696	43.452.396
Afkoma ársins	31.072.061	40.953.300
Jöfnuður 31.12.	<u>115.477.757</u>	<u>84.405.696</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæslu eiginfjárár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisrekningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof	57.975.737	50.037.533
Ógreidd laun	0	5.929.564
	<u>57.975.737</u>	<u>55.967.097</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	51.046.417	36.977.533
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(19.587.983)	(6.044.276)
	<u>31.458.434</u>	<u>30.933.257</u>
	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga</b>	<b>Fjárfestinga- fjárveiting</b>
Staða 1.1.2020	36.977.533	(6.044.276)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	10.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	24.043.707	(24.043.707)
Tekjufærsla frestaðra tekna	(9.974.823)	0
	<u>51.046.417</u>	<u>(19.587.983)</u>
	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>	
		30.933.257
		10.500.000
		0
		(9.974.823)
		<u>31.458.434</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 11,8 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði með uppsagnarákvæði í apríl á hverju ári, þjónustusamning vegna ræstingar og ýmsa aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 233,5 milljónum, vegna þjónustusamnings kr. 35,5 milljónir og vegna annara samninga kr. 9,2 milljónir.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanns sem látið hefur af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2020, kr. 0,5 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.